

**Félags – og skólaþjónusta**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

---

**FUNDARGERÐ**

71. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) var haldinn mánudaginn 27. mars 2023, klukkan 10.00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Einar Kristján Jónsson, Tómas Birgir Magnússon, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn var fjarverandi en Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Ásahrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Formaður setti fund og ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

Drög að dagskrá:

1. Verklagsreglur vegna vinnustundar  
Framkvæmdastjóri kynnti verklagsreglur um vinnutíma og greiðslu yfirvinnu.  
*Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti reglurnar.*
2. Önnur mál
  - Hækkun kílómetrafjölda hjá liðveitendum  
Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð vegna málsins og óskaði eftir afstöðu stjórnar fyrir því hvort kílómetrafjöldi verði aukinn og fjárhæð útlags kostnaðar hækkuð til samræmis við aðildarsveitarfélög Bergisins bs.  
*Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti að hámarks kílómetrafjöldi verði aukinn í 200 km. á mánuði og að hámarksútlagður kostnaður verði hækkaður í 7.500 á mánuði.*
  - Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu mála vegna ráðningar leikskólaráðgjafa. Fjórir sóttu um, einn dró umsókn til baka og verið er að kalla eftir meðmælum. Vonir standa til að búið verði að ráða í stöðuna fyrir mánaðarmót.
  - Spurt var um stöðu ársreiknings fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri verður í sambandi við fjármálastjóra Rangárþings ytra og upplýsir stjórn um stöðuna í tölvupósti.
  - Stjórn Félags- og skólaþjónustu sendir Áshreppingum og fjölskyldunni á Syðri-Hömrum samúðarkveðjur vegna hörmulegs slyss sem varð 17. mars sl. Framkvæmdastjóra er falið að koma samúðarkveðjum á framfæri fyrir hönd byggðasamlagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:32